

Mál nr. 353/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Kona slasaðist er hún féll um steypujárnsgrind á bifreiðastæði við íbúðarhús.****Gögn.**

178. Málskot, móttækið 10.10.2013, ásamt fylgigögnum.

179. Bréf X, dags. 4.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 13.9.2011, er M var á leið um bifreiðastæði við íbúðarhúsið A, féll hún um steypujárnsgrind sem lá á bifreiðastæðinu. Við það hlaut M m.a. axlarbrot og áverka í andliti. Myrkur var og engin lýsing í götunni vegna endurnýjunar ljósastaura þegar slysið varð. Ekki er ljóst hvernig steypujárnsgrindin hafði borist inn á bifreiðastæðið. Unnið var við að endurnýja gangstétt í götunni á vegum verktakans V. Fyrr um daginn hafði verið unnið við að steypa gangstétt fyrir framan A og starfsmenn V segjast hafa girt í kringum steypusvæðið og sett brú (flekamót) yfir gangstéttina þar sem gangstétt lá heim að húsinu. Starfsmaður undirverktaka, sem annaðist m.a. jarðvegsskipti undir hina nýju gangstétt, kvaðst hafa reist steypujárnsgrindina upp á rönd að trjárinna beint sunnan við A þannig að langhlið hennar hafi vísað til austurs og vesturs eða í sömu stefnu og gangstéttin. Hafi hann gert þetta til að koma sandi í gangstéttina. Grindin hafi verið þung og hann hafi ekki komið henni lengra einsamall. Honum var ekki kunnugt hvernig grindin hafi borist inn á bifreiðastæðið þar sem M féll um hana.

M telur að ekki hafi verið gengið nægilega vel frá vinnusvæðinu í lok vinnudags þannig að fyllsta öryggis væri gætt, sbr. m.a. 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en járnagrindin sem M féll um hafi af ókunnnum ástæðum verið færð af vinnusvæðinu við gangstéttarlagninguna sunnan við A og inn á bifreiðastæðið. Eins og gengið hafði verið frá grindinni í lok vinnudags átti hún ekki að geta valdið vegfarendum hættu. Ekki verður séð að sá frágangur hafi farið í bága við ákvæði laga nr. 46/1980 eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Er ósannað að það verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á að grindin hafði verið færð inn á bifreiðastæðið. Af þeim sökum ber V ekki ábyrgð á líkamstjóni M sem hún hlaut í slysinu. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 14. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.